

Kæru nemendur í 3. bekk

Eins og þið sjálfsagt vitið nú þegar stefnum við að því að halda peysufatadaginn ykkar langþráða **föstudaginn 23. september**. Á þessum degi klæðast nemendur íslenskum þjóðbúningum og syngja og dansa úti um borg og bý. Þetta er ávallt mikill gleðidagur og af mörgum fyrrverandi nemendum skólans talinn einn eftirminnilegasti skóladagurinn þegar þau líta til baka yfir Kvennaskólaárin sín. Sum ykkar náðu vonandi að sjá gleðina þegar við höldum daginn síðastliðið vor (sjá frétt á heimasíðu skólans hér: <https://www.kvenno.is/is/frettir/ogleymanlegur-peysufatadagur>).

Við gerum ráð fyrir að halda **kynningarfund og söngæfingu** fyrir árganginn ykkar í kringum næstu mánaðarmót og í framhaldinu nokkrar dans- og söngæfingar (haldnar strax eftir skóla). Þetta verður allt nánar auglýst eftir að skólahald hefst.

Ef þið eruð ekki búin að því nú þegar er um að gera að huga að **klæðnaði dagsins**. Löng hefð er fyrir því að nemendur klæðist íslenskum búningi af einhverju tagi og finnið þið á heimasíðunni fróðlegar **upplýsingar um algenga búninga**. Eins getið þið valið að klæðast á þjóðlegan máta, t.d. í lopapeysu og dökkar buxur. **Ekkert ykkar ætti að láta fataleysi koma í veg fyrir þátttöku** á þessum skemmtilega og eftirminnilega degi, **ÖLL eru hvött til að vera með**.

Einhver ykkar geta eflaust fengið **lánaða** búninga hjá ættingum eða vinum, þeir leynast á mörgum heimilum, sérstaklega kvenbúningar. Að venju kýs hluti hópsins að **leigja** búning og við vitum af fjórum aðilum sem bjóða upp á þjóðbúningaleigu. Flest hafa leitað til **Þjóddansafélagsins** í gegnum árin enda er úrvalið mest hjá þeim en einnig á **Þjóðbúningaleiga Kolfinnu** nokkra búninga, sem og **Þjóðbúningar og fatagerð Sólveigar**. Jafnframt hefur **Glímusamband Íslands** nokkra karlabúninga til leigu. Nánari upplýsingar um þessar leigur eru hér fyrir neðan.

Bestu kveðjur,

Margrét Helga Hjartardóttir, frönskukennari við Kvennaskólann og umsjónarkona peysufatadagsins

Þjóddansafélagið Félagið vill afgreiða allar pantanir í gegnum tölvupóst . Senda á póst sem fyrst með fyrirspurn og fá tíma í mátun: thjoddans@gmail.com (láta fylgja <u>fullt nafn og símanúmer</u>)	Þjóðbúningaleiga Kolfinnu Efstasundi 37 s: 553 8955 / 893 8949 kolfinnasig@gmail.com
Glímufélag Íslands gli@glima.is (eingöngu <u>karlabúningar</u> - taka bara við pöntunum í gegnum þennan póst).	Þjóðbúningar og fatagerð Sólveigar s: 568 5606, Ásgarði 1

